

Ytra mat

Laugalandsskóli

Ytra mat þetta er unnið af Birnu Sigurjónsdóttur og Oddnýju Eyjólfsdóttur
fyrir Byggðasamlagið Odda og Rangárþing ytra

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Oddný Eyjólfsdóttir

ISBN 978-9935-24-170-2

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun	4
Nám og kennsla	4
Innra mat	5
Skólabragur	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Laugalandsskóli	9
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	9
Stefna skólans	9
Starfsmenn	10
Nemendur	10
Árangur náms	11
Samræmd könnunarpróf	11
Starfstími	11
Sérfræðiþjónusta	12
Niðurstöður	13
Svið I - Stjórnun	13
Fagleg forysta	13
Stefnumótun og skipulag	16
Samskipti heimila og skóla	19
Svið II - Nám og kennsla	21
Nám og námsaðstæður	21
Þátttaka og ábyrgð nemenda	25
Námsaðlögun	26
Svið III – Innra mat	28
Framkvæmd innra mats	28
Umbótastarf í kjölfar innra mats	29
Svið IV – Skólabragur	31
Stefna og viðhorf	31
Líðan nemenda	31
Nemendalýðræði	32
Verklagsreglur og áætlanir	32
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	34
Heimildir	41

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Laugalandsskóla sem fór fram á vorönn 2017. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skólabragur*.

Stjórnun

Í Laugalandsskóla er skólastarf sem byggir á hefðum og venjum undir faglegri stjórn skólustjóra. Í rýnihópum kom fram að vellíðan, samhjálp og gagnkvæmt traust einkenni samskipti innan skólans og jákvætt skólasamfélag styður við starfið. Nemendur eiga greiðan aðgang að skólustjóra og geta snúið sér til hans ef þeir vilja breyta einhverju.

Skóladagatal uppfyllir ekki viðmið um árlegan starfstíma nemenda. Stundatöflur nemenda eru samfelldar með hæfilegri hvíld og útivist. Náms svið og námsgreinar eru kenndar í lotum og nemendur á miðstigi fá fleiri kennslustundir á viku en viðmiðunarstundaskrá kveður á um. Nemendur á yngsta stigi þurfa nægan tíma til að komast í eða úr íþróttum og óyggjandi þarf að vera að kennslutími í list- og verkgreinum sé samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Fjölga þarf kennslustundum í valgreinum í 8.-10. bekk til samræmis við ákvæði í aðalnámskrá.

Móta þarf einkunnarorð skólans og gera þau sýnileg. Vinna þarf þróunar- og umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans sem og innra og ytra mati. Æskilegt er að skólanámskrá og starfsáætlun séu settar fram í samræmi við fyrirmæli í aðalnámskrá. Allir aðilar skólasamfélagsins eiga að taka þátt í endurskoðun skólanámskrár sem þarf að leggja fyrir fræðslunefnd til staðfestingar sem og árlega starfsáætlun. Skólareglur ættu að vera sýnilegar og tryggja þarf aðkomu nemenda að umfjöllun um þær. Vinna þarf móttökuáætlun vegna nemenda með sérþarfir í námi og vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku. Skrá þarf verkferli varðandi viðbrögð þegar nemendur þurfa sérstakan stuðning. Einnig þarf að gera verkferil um hvernig brugðist er við þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.

Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu og ákvarðanir er varða skólahald eru lagðar fyrir skólaráð. Skólaráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur og nemendur eiga að sitja tvö ár í skólaráði eins og aðrir fulltrúar. Reglubundnar upplýsingar eru sendar foreldrum um skólastarfið og árangur nemenda en stjórnendur þurfa að efla tengsl sín við foreldrafélagið og stjórn þess.

Óskyldir aðilar sem vinna í skólahúsinu sem og starfsmenn verktaka undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Nám og kennsla

Í Laugalandsskóla er lögð áhersla á jákvæð og uppbyggileg samskipti í öllu skólastarfi þar sem ríkir gagnkvæm virðing og tillitssemi, segir í Skólalykli. Skólalykill/skólanámskrá Laugalandsskóla er skýrt fram sett og birt á heimasíðu skólans og námsvísar/bekkjarnámskrár eru birtar fyrir allar námsgreinar í 1.-10. bekk. Í þeim koma fram hæfniviðmið hvernar námsgreinar, upplýsingar um skipulag kennslunnar, auk þess sem fram kemur hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar í greininni. Skýra þyrfti betur í námskránum hvernig námsmat tengist hæfniviðmiðum.

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk sýna árangur yfir landsmeðaltali á samræmdum prófum bæði í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals áraanna 2010-2014. Árangur í ensku í 10. bekk er undir landsmeðaltali miðað við meðaltal sömu ára. og hefur dalað miðað við upplýsingar um niðurstöður sem birtar eru fyrir árin 2010 og 2012. Kennarar sýndu almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum, merkt var við samvinnu nemenda í helmingi þeirra stunda sem heimsóttar voru og í fjórðungi stunda notuðu nemendur upplýsingatækni í námi sínu. Nemendur í öllum árgöngum setja upp leikrit fyrir jólaskemmtun og árshátíð sem reynir á samvinnu og þjálfar þau í námsþáttum íslensku.

Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru virkir þátttakendur í störfum þess. Nemendaráð mótar félagslíf vetrarins í samráði við skólastjóra. Nemendur í rýnihópi voru ánægðir með félagsstarfið og störf nemendaráðs. Samstarf er við nemendafélög Grunnskólans á Hellu og Hvolsskóla um félagsstarf.

Í jafnréttisáætlun Laugalandsskóla kemur fram að lagt er upp með að samskipti einstaklinga grundvallist á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi og að allir fái kennslu og þjónustu við hæfi. Nám og kennsla er þannig í anda skóla án aðgreiningar þó það hugtak komi ekki fram. í áætluninni

Svokölluð ART-færniþjálfun er notuð til að efla félagsfærni nemenda, kenna þeim sjálfsstjórn (reiðstjórnun) og þjálfa þá í siðferðilegri rökhugsun og rökræðum. Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum. Foreldrar fylgjast með námi barna sinna í námskynningum og foreldraviðtölum, en nemendur taka ekki þátt í viðtölunum.

Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram inni í bekk. Skimanir og greiningar eru lagðar fyrir til að finna nemendur sem þurfa á aðstoð að halda og komið er til móts við nemendur sem hafa sérþarfir í námi og gerðar einstaklingsnámskrár fyrir þá. Námskrárnar eru kynntar foreldrum og þeir undirrita þær en ekki kemur fram að nemendur taki þátt í markmiðssetningu. Í sumum námsgreinum er gerð grein fyrir hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda og hvernig áhuga og hæfileikum nemenda er mætt með fjölbreyttum viðfangsefnum.

Innra mat

Í Starfsmannahandbók Laugalandsskóla er áætlun um sjálfsmat til þriggja ára. Mynda þarf formlegt matsteymi með þátttöku hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Notast er við spurningalista til að kanna viðhorf aðila skólasamfélagsins. Áhersla er á líðan nemenda og starfsfólks og skólaárið 2016-2017 á að skrá lesferla nemenda. Meta þarf öll markmið skólanámskrár markvisst og tryggja að leiðir að markmiðum séu hluti af innra mati. Skilgreina þarf viðmið um árangur fyrir hvert markmið. Við innra mat þarf að nýta niðurstöður úr ytra mati. Þegar niðurstöður kannana liggja fyrir eru þær kynntar öllum hagsmunaaðilum og upplýsingar um sjálfsmat skólans eru birtar á heimasíðu. Í kjölfar innra mats þarf að vinna formlegar umbótaáætlanir sem byggja á greiningu og túlkun á niðurstöðum. Matsferlinu þarf síðan að ljúka með mati á árangri umbóta.

Skólabragur

Í stefnu skólans kemur ekki fram með skýrum hætti stefna um jákvæðan skólabrag eða leiðir sem fara á til að viðhalda góðum skólabrag. Aftur á móti kemur víða fram í skjölum skólans áhersla á góða líðan og jákvæð samskipti. Að mati viðmælenda í rýnihópum ríkir í skólanum gagnkvæm virðing allra og skólasamfélagið er jákvætt fyrir skólanum. Nemendum líður almennt vel í skólanum að því er fram kemur í niðurstöðum kannana skólans. Nemendur í rýnihópi sögðu það kost við skólann að hann er

lítill, nemendur eru almennt vinir, þeim líði vel og andinn sé góður. Í starfsmannakönnun sem gerð var árið 2016 sögðu starfsmenn að þeim liði vel í skólanum og skólinn sé þægilegur vinnustaður.

ART-færni er á stundatöflu nemenda einn tíma í viku, en það er sú leið sem skólinn hefur valið til að efla félagsfærni nemenda og kenna þeim sjálfstjórn. Skólinn hefur mótað áætlun um einelti og verklag um viðbrögð við því. Skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim eru birt á heimasíðu skólans og í Skólalýkli. Eldri nemendur í rýnihópi þekktu hugtakið lýðræði og telja að í skólanum ríki lýðræði en æskilegt er að þjálfarar nemendur markvisst í að koma skoðunum sínum á framfæri.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Laugalandsskóla. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Oddnýju Eyjólfsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 14.-16. mars 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er gert að frumkvæði Byggðasamlagsins Odda og sveitarfélagsins Rangárbings ytra. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Laugalandsskóla voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var *skólabragur*. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í ytra mati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra könnunarprófa út frá fimm ára meðaltali fyrir árin 2010-2014. Engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fyrir vettvangsheimsókn var send kynning á matinu (glærur með tali), þar sem forsendur matsins voru kynntar sem og framkvæmdin. Kynningin var send

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat,

skólastjóra til kynningar fyrir starfsfólk svo og til skólaskrifstofu og sveitarstjóra. Farið var í vettvangsathuganir hjá um 85% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í 4.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í þrjú daga, 14.-16. mars 2017. Farið var í 20 kennslustundir hjá 10 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, leiklist, samfélagsfræði, málsmíði, íþróttum, textíl og tónlist. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu 90% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Laugalandsskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Skólahald hófst að Laugalandi í Holtum í desember 1958. Að skólanum stóðu þrjú sveitarfélög; Ása-, Holta- og Landmannahreppur. Fyrstu árin sóttu 10-14 ára nemendur skólann í eldri og yngri deild. Fyrstu 10 árin voru nemendur á heimavist við skólann en árið 1968 hófst daglegur skólaakstur. Byggt hefur verið við skólann eftir því sem fleiri árgangar bættust við og nemendum fjölgaði. Íþróttahús var tekið í notkun 1987 og sundlaug 1994.

Rangárþing ytra varð til sem sveitarfélag árið 2002 við sameiningu Rangárvallahrepps, Holta- og Landsveitar og Djúpárhrepps. Þá voru þrír skólar í sveitarfélaginu: Grunnskólinn á Hellu, Laugalandsskóli og Þykkvabæjarskóli. Kennslu var hætt í Þykkvabæ ári síðar.

Skólahverfi Laugalandsskóla nær yfir svæðið frá mörkum sveitarfélagsins í vestri að Ytri Rangá í austri, auk þess sem nemendur úr Ásahreppi sækja skóla að Laugalandi. Kennsla á meðferðarheimilinu Geldingalæk fellur undir Laugalandsskóla en þar starfa tveir kennarar. Í skólanum eru 74 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2016-2017.

Byggðasamlagið Oddi bs. hefur annast rekstur Laugalandsskóla frá 1. janúar 2016 en að því byggðasamlagi standa Rangárþing ytra og Ásahreppur. Sama byggðasamlag annast einnig rekstur Grunnskólans á Hellu og leikskólanna í sveitarfélaginu.

Á vegum skólans er starfræktur dagskóli fyrir nemendur í 1.-4. bekk sem tekur við nemendum eftir að skóladegi lýkur í grunnskólanum. Markmiðið með honum er m.a. að mæta þörfum barnanna og skapa þeim vettvang til þess að efla félagsþroska í gegnum íþróttir, leik og skapandi starf, segir í skólanámskránni. Einn dag í viku er íþróttaskóli frá kl. 12:45 til 15:00 fyrir nemendur í 1. og 2. bekk ásamt elstu árgöngum leikskólans. Nemendur 3. og 4. bekkjar bætast við kl. 13:40 og þá fara leikskólabörnin aftur í leikskólann.

Nemendaráð er starfandi við skólann og mótar félagslíf vetrarins í samráði við umsjónarkennara ráðsins og skólastjóra. Félagslífið mótast fyrst og fremst af gildandi hefðum og hugmyndum nemenda. Nemendaráð er skipað sjö nemendum; tveim úr 10. bekk, tveim úr 9. bekk, tveim úr 8. bekk og einum úr 7. bekk.

Reglulegt samstarf er milli leikskólans og grunnskólans að Laugalandi enda eru skólarnir reknir í sama húsi. Tengsl við framhaldsskóla eru á þann hátt að nemendur fá kynningu á Fjölbrautaskóla Suðurlands og Menntaskólanum á Laugarvatni, með gagnkvæmum heimsóknum.

Bókasafnið í Laugalandsskóla er starfrækt sem skólabókasafn og jafnframt sem almenningsbókasafn.

Þeir nemendur sem sótt hafa um nám í Tónlistarskóla Rangæinga geta flestir stundað það nám í Laugalandsskóla. Kennarar tónlistarskólans koma í skólann og í samráði við umsjónarkennara finna þeir tíma í stundaskrá nemenda fyrir kennsluna. Auk þess fá allir nemendur í 2.-4. bekk kennslu í hljóðfæraleik og tónmennt.

Stefna skólans

Í Skólalýkli er fjallað um áherslur skólans og sérstöðu en hún markast af staðsetningu skólans og því samfélagi sem hann er hluti af en einnig af þeim hefðum og venjum sem skapast hafa innan skólans

og móta áherslur í skólastarfi. Áherslur skólans byggja á aðalnámskrá grunnskóla og eru þessir tilgreindir og heimfærðir á starfið í skólanum: sjálfsvitund,siðgæðisvitund, félagsvitund, borgaravitund, félagsfærni, rökhugsun og gagnrýnin hugsun, færni í að nýta íslensku í öllu námi, líkamleg og andleg velferð, frjótt, skapandi starf, jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs, leikur, búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, notkun tæknimiðla og upplýsingatækni, náms- og starfsfræðsla.

Skólinn hefur ekki sett sér ákveðin einkunnarorð en skólastjóri nefnir að vellíðan, sam hjálp, samvinna og metnaður einkenni skólann. Í merki skólans má sjá samtal fullorðins og barns.

Byggðasamlagið Oddi bs. hefur gefið út skólustefnu fyrir grunn- og leikskóla í Rangárþingi ytra og Ásahrepp sem skólinn starfar eftir. Þar segir m.a. í markmiðum um nám og kennslu: Að nemendum líði vel í skólunum, þeir gangi glaðir til verka og námið leiði til aukinnar færni, víðsýni, sjálfsvirðingar og umburðarlyndis.

Starfsmannahandbók er birt á heimasíðu skólans. Þar er meðal annars að finna starfsmannastefnu skólans og lýsingar á hlutverkum allra starfsmanna. Jafnréttisáætlun er einnig birt á heimasíðu, markmið hennar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og að jöfnum möguleikum kynjanna til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Mótuð hefur verið læsisstefna sem er sameiginleg fyrir leikskólann og grunnskólann að Laugalandi en markmið hennar eru: Að móta jákvæð viðhorf barna og unglunga til læsis; að efla orðaforða og málskilning; að efla máltjáningu og frásagnarhæfni; að efla hljóðkerfisvitund og hlustun; að nemendur móti sér sjálfstæða skoðun og komi henni frá sér á skýran hátt; að allir nemendur geti lesið sér til gagns og skemmtunar.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 21. Stjórnendur eru 2, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Við skólann starfa 10 kennarar, 6 þeirra í samtals 5,65 stöðugildum og 4 stundakennarar í samtals rúmlega einu stöðugildi. Ef tekin eru með 2 stöðugildi stjórnenda sem kenna talsvert verða stöðugildin alls 8,65. Leiðbeinendur eru í 2 stöðugildum. Enginn sérkennari er starfandi við skólann. Aðrir starfsmenn, skólaliðar og starfsfólk í mótuneyti, eru sjö í 6,88 stöðugildum.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru um 24% af starfsmönnum skólans. Sérhæfing kennara nýtist vel en skortur er á kennurum með sérhæfingu í nokkrum greinum, svo sem tónlist.

Nemendur

Í Laugalandsskóla eru 74 nemendur á vorönn 2017. Samkennt er í fimm námshópum; 1. og 2. bekk, 3. og 4. bekk, 5. og 6. bekk og 7., 8. og 9. bekk. Nemendur í 10. bekk mynda fimmta námshópinn. Meðalstærð námshópa er því 14,8 nemendur.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	8	8	12	6	9	8	6	6	3	8
Bekkjardeildir		1				1			1	1

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er um 8%. Hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku

er um 7% og einn úr þeim hópi er í sérkennslu. Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi á þessari önn.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu. Á heimasíðu skólans má sjá yfirlit yfir niðurstöður samræmdra prófa, meðaltal í Laugalandsskóla árin 2000-2015 ásamt samanburði við meðaltal skólanna á Suðurlandi og landsmeðaltal. Sveiflur eru í meðaltalsniðurstöðum nemenda í Laugalandsskóla milli ára sem skýrist m.a. af því hve árangur einstakra nemenda vegur þungt í fámennum hópi. Í skýrslum Menntamálastofnunar² eru ekki birtar niðurstöður hópa með færri nemendum en 11 og byggja þeir á ákvæðum í grunnskólalögum³ og upplýsingalögum⁴. Þetta er gert til að gæta trúnaðar um einkunnir einstaklinga í nemendahópnum. Í skýrslu Menntamálastofnunar Rit 1, 2015 er birt meðaltal fimm ára það er 2010-2014⁵.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2010-2014

4. bekkur

Miðað við meðaltal árána 2010-2014 er árangur nemenda í 4. bekk Laugalandsskóla yfir landsmeðaltali bæði í íslensku (32,1) og stærðfræði (30,7).

7. bekkur

Miðað við meðaltal árána 2010-2014 er árangur nemenda í 7. bekk Laugalandsskóla jafn landsmeðaltali í íslensku (30,0) og yfir landsmeðaltali í stærðfræði (30,6).

10. bekkur

Miðað við meðaltal árána 2010-2014 er árangur nemenda í 10. bekk Laugalandsskóla yfir landsmeðaltali bæði í íslensku (32, 5) og stærðfræði (31,2). Árangur í ensku er undir landsmeðaltali sömu ár (28,3).

Framfarir milli 4., 7. og 10. bekkjar

Vegna fámennra árganga eru ekki settar fram framfaratölur nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 4. og 7. bekkjar eða 7. og 10. bekkjar.

Starfstími

Á skóladagatali fyrir skólaárið 2016-2017 kemur fram að skóladagar nemenda eru 177 hjá 1.-6. bekk og 8-9. bekk, 178 hjá 7. bekk og 179 hjá 10. bekk. Litlu jól (20. desember), árshátíðardagar (31. mars) og 6. apríl (sameiginleg árshátíð skólanna á svæðinu) eru taldir tvöfaldir sem er fyrirkomulag sem árlega þarf að hljóta samþykki fræðslunefndar. Tvo daga eru allir nemendur skemmri tíma í

² <https://www.mms.is/skyrslur-um-samraemd-konnunarprof>

³ 2. mgr. 27. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008

⁴ 5. og 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012

⁵ https://mms.is/sites/mms.is/files/skyrsla_nidurstodur_2014.pdf

skólanum en sem nemur stundaskrá dagsins, þ.e. við skólasetningu og skólaslit. Sérstakir starfsdagar kennara eru 7 á starfstíma skóla sem er tveim dögum meira en kveðið er á um í samningum. Þessa tilhögun hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og fræðslunefnd, til eins árs í senn.

Forfallastundir á haustönn 2016 voru samtals 59. Ef kennari forfallast, þá sendir hann skólastjóra dagskrá yfir hvað hann ætlaði að gera í viðkomandi tímum. Forföll eru leyst með öðrum kennurum, með því að annar kennari tekur yfir tímann eða stjórnandi.

Sérfræðipjónusta

Skólinn sækir sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks Félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kaflí 10.1).*

Í Laugalandsskóla eru tveir stjórnendur; skólastjóri og aðstoðarskólastjóri og kennsluskylda er hluti af störfum þeirra.

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjóri Laugalandsskóla veitir skólanum faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart byggðasamlaginu Odda. Í Skólalýkli sem bæði er á heimasíðu skólans og sendur foreldrum er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og áherslum í starfi. Þar kemur fram að staðsetning skólans og það samfélag sem hann er hluti af ásamt hefðum og venjum sem skapast hafa skipi stóran sess. Samhljómur er með áherslum Laugalandsskóla og skólastefnu sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárbings ytra, *Göngum glöð til góðra verka*. Í Laugalandsskóla hafa einkunnarorð skólans eða gildi ekki verið mótuð formlega en í viðtali við skólastjóra kom fram að vellíðan, samhjálp, samvinna og metnaður væri það sem að hans mati einkenndi daglegt starf. Svipaðar lýsingar komu fram hjá rýnihópum.

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur og starfsmenn í daglegu starfi. Nemendur eiga greiðan aðgang að skólastjóra og eiga auðvelt að koma með mál til hans sem brenna á þeim.

Í starfi skólans leggur skólastjóri áherslu á mikilvægi ART-færniþjálfunar sem verkfæris til að efla félagsfærni, sjálfsstjórn og gagnrýna hugsun. Einnig er lögð áhersla á færni í íslensku, bæði læsi og leikræna tjáningu. Umhverfi skólans og náttúran eru nýtt sem vettvangur náms, fjölbreytni er í verkefnaskilum og upplýsingatækni er nýtt við öflun þekkingar þó nettenging sé slök.

Fréttabréf skólans, Stafurinn, kemur reglulega út yfir skólaárið. Í Stafnum er birt það sem er á döfinni í skólanum sem og fréttir af daglegu starfi. Stafurinn er á heimasíðu skólans og er sendur til allra íbúa á skólasvæðinu og til allra foreldra og forráðamanna nemenda, hvort sem þeir búa á svæðinu eða ekki.

Hjá viðmælendum kom fram að skólastjóri kemur oft í kennslustundir. Ekki er um að ræða reglulegar og markvissar heimsóknir þar sem fram fer kerfisbundið mat á kennslu en óformleg endurgjöf er veitt í kjölfarið.

Styrkleikar

- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur og starfsmenn.
- Stjórnendur kynna áherslur skólans og sérstöðu.
- Upplýsingum um skólastarfið er miðlað á heimasíðu og í fréttabréfi.

Tækifæri til umbóta

- Innleiða formlega endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsókna stjórnenda í kennslustundir.
- Móta einkunnarorð skólans í samstarfi við aðila skólasamfélagsins og gera þau sýnileg í skólanum.

Stjórnun stofnunar

Í starfsmannahandbók er birt starfsmannastefna Laugalandsskóla og skipurit. Gerð er grein fyrir hlutverkum þeirra sem sinna störfum í skólanum. Í viðtali við aðstoðarskólastjóra kom fram að stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best og eiga þeir reglulega fundi til að miðla upplýsingum sín í milli. Skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna liggur fyrir. Við ráðningar er lögð áhersla á að starfsmaður uppfylli lögbundnar kröfur um menntun og hafi til að bera þá þekkingu og/eða reynslu sem krafist er í starfinu. Við ráðningu liggur fyrir sakavottorð viðkomandi.

Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn og í rýnihópum kom fram að skólastjóri hrósar starfsmönnum fyrir vel unnin störf. Jafnréttisáætlun sem nær bæði til nemenda og starfsfólks liggur fyrir og er birt á heimasíðu skólans. Stefna og viðbragðsáætlun varðandi einelti og kynferðislega áreitni meðal starfsfólks er á heimasíðu og er byggð á reglugerð nr. 1000/2004. Vakin er athygli á nýrri reglugerð (nr. 1009/2015) um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (vinnueftirlit.is). Ekki liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

Allir starfsmenn og kennarar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu sem og verktakar sem vinna við skólann og óskyldir aðilar sem vinna í húsnæði skólans. Í starfsmannahandbók er fjallað um trúnaðarskyldur starfsfólks gagnvart nemendum, foreldrum, samstarfsfólki og yfirmanni. Einnig er fjallað um meðferð trúnaðargagna og upplýsingaskyldu, skv 17. grein barnaverndarlaga. Fram kom hjá skólastjóra að fylgt er reglugerð nr. 897/2009 varðandi miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur og öll gögn er varða nemendur fara á Héraðsskjalsafnið til varðveislu samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn frá 2014 en þetta liggur ekki fyrir opinberlega.

Styrkleikar

- Lýsingar á hlutverkum starfsmanna skólans liggja fyrir.
- Stjórnendur skipta með sér verkum.
- Skólastjóri hrósar starfsmönnum og starfsþróunarsamtöl eru regluleg.
- Allir starfsmenn og kennarar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu sem og verktakar sem vinna við skólann og óskyldir aðilar sem vinna í húsnæði skólans.
- Jafnréttisáætlun liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Vinna ætti móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Uppfæra stefnu og viðbragðsáætlun um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum til samræmis við reglugerð nr. 1009/2015.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt og fram kom að aðilar eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í rýnihópum kom fram að samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti en að það takmarki faglegt samstarf þegar kennarar séu einir með kennsluna í hópum eða námsgreinum. Kennarafundir eru einu sinni í mánuði en almennir starfsmenn funda með skólastjóra einu sinni á hvorri önn. Á hverjum þriðjudegi eftir kennslu er samvera allra þar sem verkefnum er útteilt og samstarfsfundir settir á.

Almennir starfsmenn eru boðaðir á fund með kennurum þegar kynntar eru niðurstöður úr innra mati. Í rýnihópum kom fram að fundir eru ekki boðaðir með dagskrá en fundargerð er rituð í fundargerðabók. Fram kom hjá skólastjóra að sé einhver fjarverandi þá sjái hann til þess að viðkomandi lesi fundargerðina síðar. Fundargerð fyrri fundar er lesin upp í byrjun næsta fundar. Í rýnihópi almennra starfsmanna kom fram að vikupósturinn *Á döfinni* bjargi miklu varðandi upplýsingagjöf en stundum gleymist að upplýsa um hluti sem skipta máli.

Á heimasíðu skólans er skýrslan *Samfella og sveigjanleiki* (maí 2014) þar sem gerð er grein fyrir samstarfi Laugalandsskóla við leikskólann Laugaland og framhaldsskóla. Í Skólalykli er gerð grein fyrir samstarfi við Tónlistarskóla Rangæinga, samstarfi skóla og kirkju og samstarfi við íþróttafélagið Garp.

Styrkleikar

- Jákvæð samskipti, samheldni og gagnkvæmt traust einkenna skólastarfið.
- Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð.

Tækifæri til umbóta

- Boða ætti alla fundi með dagskrá og birta starfsmönnum fundargerðir.

Skólaþróun

Þróunar- og/eða umbótaáætlun skólans liggur ekki fyrir. Á heimasíðu Laugalandsskóla er símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2016-2017 og endurspeglar hún áherslur skólans eins og þær birtast í Skólalykli. Meðal annars er boðið upp á réttindanáms í ART fyrir nýja kennara, námskeið um læsi og lesferil vegna innleiðingar læsisstefnu, Mentor og söguaðferðina. Þessi fræðsla stendur allan veturinn. Í rýnihópi kennara kom fram að skólastjóri sé ötull við að vekja athygli kennara á námskeiðum en ekki kom fram hvernig þeir sækja aðra fræðslu en þá sem er í boði á vegum skólans.

Í skólanum er ekki starfandi matsteymi og er skólastjóri ábyrgur fyrir innra mati. Hjá honum kom fram að hann nyti liðsinnis nokkurra kennara við matið.

Styrkleikar

- Símenntun tekur mið af áherslum skólans.
- Kennarar eru hvattir til að efla sig í starfi.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans sem og innra og ytra mati.
- Tryggja samræmi milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar.
- Mynda matsteymi með þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.
- Gera grein fyrir hvernig starfsmenn sækja sér eigin símenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólalýkill, starfsmannahandbók og heimasíða Laugalandsskóla eru opinber gögn sem eru aðgengileg öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Þar eru birt flest þau efnisatriði sem eiga annað hvort að vera í starfsáætlun eða skólanámskrá samkvæmt 12. kafla aðalnámskrár grunnskóla.⁶ Í fundargerðum kemur fram að skólaráð fær kynningu á Skólalýkli, starfsmannahandbók og skóladagatali og skóladagatal er lagt fram í fræðslunefnd til staðfestingar. Ekki kemur fram í fundargerðum fræðslunefndar að skólanámskrá (Skólalýkill) eða starfsáætlun hafi verið lagðar fram til staðfestingar.

Skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs eru ýmist birtar í Skólalýkli, starfsmannahandbók og/eða á heimasíðu. Á skóladagatali fyrir skólaárið 2016-2017 kemur fram að kennsludagar nemenda samkvæmt stundaskrá eru 175 í 1.-9. bekk og í 10. bekk eru þeir 177. Tveir skóladagar eru með skemmri viðveru en sem nemur stundaskrá (skólasetning og skólaslit) hjá öllum árgöngum nema hjá 7. bekk en þar eru þrír skertir dagar. Þrír skóladagar eru taldir tvöfaldir. Það eru Litlu jólin 20. desember, árshátíðardagurinn 31. mars og loks er fimmtudagurinn 6. apríl talinn tvöfaldur hjá 7.-10. bekkjum vegna sameiginlegrar árshátíðar skólanna á svæðinu. Þessir nemendur eiga frí næsta dag en aðrir nemendur mæta í skólann föstudag 7. apríl. Þetta er fyrirkomulag sem árlega þarf að hljóta samþykki fræðslunefndar. Samtals eru því 179 skóladagar hjá nemendum í 10. bekk, 178 hjá 7. bekk og 177 hjá 1.-6. og 8.-9. bekk skólaárið 2016-2017 en kveðið er á um 180 daga í lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Sérstakir starfsdagar kennara eru 7 á starfstíma skóla.

Í Skólalýkli eru áherslur og markmið Laugalandsskóla sem snúa að uppeldi, námi og kennslu. Fram kemur að Skólalýkill sé nánari útfærsla á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla en ekki er vísað í skólastefnu sveitarfélaganna Rangárbings ytra og Ásahrepps, *Göngum til góðra verka*, sem samþykkt var í desember 2015. Fjallað er um hvernig skólinn hyggst uppfylla fyrir mæli um grunnþættina sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og hvernig þeir birtast í almennu skólastarfi. Á heimasíðu eru námsvísar/bekkjarnámskrár fyrir 1.-10. bekk og valgreinar.

Í starfsmannahandbók er birt áætlun um innra mat/símat til þriggja ára. Á heimasíðu eru upplýsingar um innra mat/sjálfsmat á viðhorfum aðila skólasamfélagsins til ýmissa þátta í skólastarfinu. Einnig eru á heimasíðu upplýsingar um árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum og niðurstöður PISA könnunarinnar í skólunum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en ekki eru formlegar tímasettar áætlanir um umbætur og þróunarstarf sem byggja á greiningu og túlkun niðurstaðna.

Fram kom hjá skólastjóra að markmið skólastefnunnar eru ekki metin með formlegum hætti. Skólastjóri segir að í lok hvers skólaárs fari kennarar í gegnum starfið og skrái hvað hafi gengið vel og hvað miður. Þessi vinna sé trúnaðarmál milli hans og viðkomandi kennara og tekið sé tillit til niðurstaðna við skipulag næsta skólaárs.

Styrkleikar

- Aðilar skólasamfélagsins þekkja áherslur skólans.

⁶ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Aðalnámskrá grunnskóla- almennur hluti 2011- greinasvið 2013, mars 2013).

- Kennarar taka þátt í vinnu við skólanámskrá.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að skóladagatal uppfylli viðmið um árlegan starfstíma nemenda.
- Tryggja að allir aðilar skólasamfélagsins taki þátt í endurskoðun skólanámskrár.
- Ræða framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum.
- Gera mat á markmiðum skólastefnu hluta af innra mati.
- Leggja skólanámskrá og árlega starfsáætlun fyrir fræðslunefnd til staðfestingar.
- Æskilegt er að setja fram skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt viðmiðum í 12. kafla aðalnámskrár.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum og vinnuálag í samræmi við aldur nemenda og þroska. Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur sem veita tækifæri til að nemendur velji sér viðfangsefni, til samvinnu milli námshópa og samþættingu í viðfangsefnum nemenda.

Við skoðun á stundaskráum kemur meðal annars fram að í 1.-4. bekk er því þannig háttað að íþróttatímarnir eru annaðhvort beint á eftir eða strax á undan annarri kennslustund án þess að það sé hlé (frímínútur) á milli. Þetta þýðir í framkvæmd að önnur hvor kennslustundin eða báðar eru skemmri en 40 mínútur. Á vettvangi kom í ljós að í íþróttátíma hjá 1.- 2. bekk nýttust aðeins 20 mínútur til hreyfingar. Það tók nemendur 10 mínútur að vera komnir í nafnakall hjá kennara fyrir framan íþróttasal og aðrar 10 mínútur fóru í að skipta um föt. Það má áætla að þar sem svona hagar til missi nemendur af kennslu í allt að 60-80 mínútur á viku eða 37-48 kennslustundir á skólaárinu sem er 1-1,5 kennsluvika hjá þessum árgöngum. Í 23. kafla aðalnámskrár er fjallað um skólaíþróttir. Þar stendur „Við skipulag stundatöflu þarf að ætla nemendum tíma til að koma sér til og frá kennsluáðstöðu og að hafa fataskipti án þess að það dragist frá virkum kennslutíma.“

Engin tónmennt er á stundatöflum nemenda. Hjá skólastjóra kom fram að þetta sé tímabundið ástand vegna ársleyfis tónmenntakennara. Við yfirferð á stundatöflum kom í ljós að kennslutími í list- og verkgreinum hjá 1.-4. bekkjum er 680 mín á þessu skólaári en á að vera 900 mín samkvæmt viðmiðunarstundaskrá yfir þessi fjögur námsár.

Í 5.-7. bekk eru nemendur í 37 kennslustundum á viku sem er tveimur kennslustundum umfram lágmark viðmiðunarstundaskrár. Í þessum þremur árgöngum eru 680 mín í list- og verkgreinum á skólaárinu en eiga að vera 840 samkvæmt viðmiðunarstundaskrá yfir þessi þrjú námsár. Til viðbótar því sem kemur fram á stundatöflum nemenda í 1.-7. bekk eru sviðslistir og sjónlistir í almennum kennslustundum sem liður í undirbúningi fyrir árshátíð og jólaskemmtun.

Í 8.-10. bekk eru valgreinar í sex kennslustundir á viku og ná því ekki að vera 20% eða fimmtungur námstíma í þessum þremur árgöngum eins og kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla. Þær valgreinar sem í boði eru eru á sviði list- og verkgreina ásamt íþróttum og útiveru. Fram kemur hjá skólastjóra að þátttaka í atvinnulífi, félagslífi eða skipulegt nám við framhaldsskóla og málaskóla sé metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

Kennsla í íþróttum og sundi er skipt í þrjú tímabil í Laugalandsskóla. Þetta þýðir að nemendur fara í sund í öllum íþróttatímum í u.þ.b. 6 vikur í upphafi skólaárs. Eftir það er farið inn í íþróttahús í u.þ.b. 21 viku og síðan er aftur farið í sund í u.þ.b. 6 vikur að vori. Þetta er meðal annars gert til að nýta

góða veðrið í sundinu en einnig eru framfarir oft meiri í sundi þegar það er kennt í lotum, sérstaklega hjá þeim sem yngri eru.

Á haustönn er fenginn danskennari til að annast danskenslu tvær stundir á dag í eina viku fyrir alla árganga.

Það vakti athygli matsmanna að á stundatöflum nemenda í 1.-4. bekk er dag- og íþróttaskóli eftir reglubundna kennslu sjö kennslustundir á viku þar sem í boði er fjölbreytt dagskrá undir stjórn kennara skólans. Þar inn kemur til dæmis Tónlistarskóli Rangæinga með hljóðfærakenslu.

Styrkleikar

- Stundatöflur nemenda eru samfelldar og hvíld og útivist er skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda.
- Svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri er nýtt.
- Nám utan skóla er metið til valgreina.
- Nemendur á miðstigi fá fleiri kennslustundir en viðmiðunarstundaskrá kveður á um.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að nemendur á yngsta stigi hafi nægan tíma til að komast í og úr íþróttatímum.
- Gera þarf skýrari grein fyrir því hvernig útfærsla skólans á list- og verkgreinakenslu uppfyllir ákvæði viðmiðunarstundaskrár.
- Auka hlutfall valgreina í 8.-10. bekk til samræmis við ákvæði 8. kafla í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.

Verklagsreglur og áætlanir

Það var samdóma álit viðmælenda í rýnihópum að í Laugalandsskóla ríkti jákvæður skólabragur þó ekki lægju fyrir formlega mótaðar leiðir til að viðhalda honum. Ítrekað var nefnt að samskipti einkenndust af samheldni, umhyggju og gagnkvæmri virðingu. Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð. Skólareglur eru birtar í Skólalykli en eru ekki sýnilegar. Nemendur hafa ekki komið að vinnu við skólareglur en nefnt var að það væri farið yfir þær á hverju hausti. Í hverjum námshópi eru mótaðar bekkjarreglur sem hanga uppi í flestum kennslustofum.

Í Skólalykli er birt áætlun um kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa námsaðstoð. Fram kemur í Skólalykli að sá aðili sem leggi fyrir próf safni saman upplýsingum sem nýtist við frekari greiningar og meðferð sérfræðinga, sé þörf á, en ekki liggur fyrir heildaráætlun um sérkennslu/stuðning. Nemendaverndarráð samræmir og skipuleggur þjónustu og stuðning við nemendur.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur er í starfsmannahandbók. Fram kom í rýnihópum að nemendur Laugalandsskóla leggðu sig fram um að bjóða nýja nemendur velkomna í hópinn og tryggja að allir fengju að vera með. Hvorki liggja fyrir móttökuáætlanir fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku né fyrir nemendur með sérþarfir.

Í starfsmannahandbók er fjallað um stefnu skólans varðandi forvarnir og vímuefni og hvernig eigi að bregðast við ef slíkt kemur upp. Þar er sömuleiðis eineltisáætlun skólans þar sem bæði er fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir, aðgerðaráætlun og hlutverk aðila skólasamfélagsins varðandi einelti. Í

rýnihópum kom fram að aðilar skólasamfélagsins upplifa að þegar mál koma upp þá sé brugðist fljótt við og málin leyst. Einnig er umfjöllun um slys og áfallaáætlun og viðbrögð við slíkum aðstæðum í starfsmannahandbók og þar er einnig rýmingaráætlun og viðbragðsáætlanir vegna óveðurs og náttúruhamfara.

Verkferlar um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi liggja ekki fyrir.

Styrkleikar

- Yfirlit yfir skimanir til að kanna stöðu nemenda í lestri og stærðfræði liggur fyrir.
- Forvarnaráætlun liggur fyrir.
- Verklagsreglur um viðbrögð við einelti liggja fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Skrá verkferil sem lýsir viðbrögðum þegar nemendur þurfa sérstakan stuðning/kennslu.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir í námi.
- Vinna móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Hafa skólareglur sýnilegar og tryggja aðkomu nemenda að umfjöllun um þær.
- Skrá verkferil um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur með skólaráði og fram kom í rýnihópi að þar er farið í gegnum fjárhagsáætlun, skóladagatal, innra mat og skólalykill er kynntur. Skólaráð fundar tvisvar til þrisvar á skólaárinu og eru fundir boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu. Skólaráð hefur ekki sett sér starfsáætlun eða vinnureglur. Þeir sem sitja í skólaráði eru fulltrúar umbjóðenda sinna. Formaður og varaformaður nemendafélagsins, sem eru alltaf úr 10. bekk, eru fulltrúar nemenda í skólaráði og sitja því aðeins eitt ár í skólaráði en ekki tvö eins og kveðið er á um í lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Foreldrafélag starfar við skólann, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag. Í fundargerðum má sjá að stjórn félagsins leggur áherslu á að bæta aðstöðu nemenda til náms og leikja. Helstu viðburðir eru sumarskemmtun síðasta vetrardag og jóla- og páskabingó. Hjá skólastjóra kom fram að hann fundar ekki reglulega með stjórn foreldrafélags og stjórnin hefur ekki aðstöðu til að hittast í skólanum.

Styrkleikar

- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu.
- Ákvarðanir er varða skólalagd eru lagðar fyrir skólaráð.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að fulltrúar nemenda sitji tvö ár í skólaráði.
- Sjá til þess að skólaráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Efla tengsl stjórnenda við foreldrafélag og stjórn þess.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Allt samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Á haustin er haldinn námskynningarfundur þar sem stjórnendur og umsjónarkennarar kynna námsmarkmið og leiðir að þeim. Tölvupóstur er mikið notaður til að miðla upplýsingum sem og fréttablaðið *Stafurinn* og heimasíðan. Í rýnihópi var nefnt að Mentor væri ekki vel nýttur og að samskipti og upplýsingagjöf til foreldra yrði minni eftir því sem börnin yrðu eldri. Yngstu árgangarnir eru með Skólapóstinn. Loks kom fram að það vildi brenna við að sumt þætti svo sjálfsagt að ekki þyrfti að segja frá því eða kynna sem ylli erfiðleikum hjá þeim sem væru nýir á svæðinu. Allir foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barns þeirra afar miklu máli.

Foreldrum er boðið í skólann nokkrum sinnum á skólaárinu. Foreldrum nemenda á yngsta- og miðstigi er boðið að koma og sjá árangur danskennslunnar að hausti. Foreldrum 1.-4. bekinga er boðið að taka þátt í fönðurdegi um miðjan desember. Öllum foreldrum og aðstandendum er boðið að koma á skemmtun á Litlu jólnunum, á árs hátíð og á skólaslit. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeim er ekki boðin þátttaka í vettvangsferðum en foreldrum nemenda í 1.-6. bekk er boðið að koma með í leikhúsferð einu sinni á ári. Í rýnihópi kennara kom fram að foreldrar séu alltaf velkomnir í skólann en þeir séu ekki duglegir að nýta sér það.

Foreldrar koma einu sinni á hvorri önn í viðtal við kennara án barnsins/nemandans. Foreldrar og barn undirbúa viðtalið heima með því að fylla út gátlista þar sem bæði er metið hvernig barninu finnst því ganga námið og hvernig því líður í skólanum. Kennarar undirbúa sig líka fyrir viðtalið með sambærilegum gátlista. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir hafa ekki áhuga á að taka þátt í þessu viðtali og finnst nóg að foreldrar hafi gátlistann meðferðis.

Styrkleikar

- Foreldrar fá kynningu á námsmarkmiðum og leiðum að þeim.
- Reglubundnar upplýsingar eru senda foreldrum um skólastarfið og árangur barns.
- Foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar eða vilja koma ábendingum á framfæri.
- Heimasíða skólans er virk.

Tækifæri til umbóta

- Bjóða foreldrum að taka þátt í vettvangsferðum eða heimsóknnum.

Svið II - Nám og kennsla

Í Laugalandsskóla er lögð áhersla á jákvæð og uppbyggileg samskipti í öllu skólastarfi þar sem ríkir gagnkvæm virðing og tillitssemi, segir í Skólalýkli, þar sem fjallað er um sérstakar áherslur skólans. Svokölluð ART-færniþjálfun er notuð til að efla félagsfærni nemenda, kenna þeim sjálfstjórn (reiðistjórnun) og þjálfu þá í siðferðilegri rökhugsun og rökræðum.

Skólastefna sveitarfélagsins er rammi um skólastarf hvers skóla, hún tekur mið af grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Í kafla um nemandann og námið er m.a. lögð áhersla á læsi og að námið byggist upp af þekkingaröflun, sköpun, verkþekkingu og tjáningu og að nemendur þjálfist í samvinnu.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Áherslupættir grunnskólalaga eru settir fram í Skólalýkli og heimfærðir á skólastarfið í Laugalandsskóla, s.s. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund en einnig færni í að nýta íslensku í öllu námi sem er þjálfuð m.a. með því að allir árgangar setja upp leikrit á árshátíð og á jólaskeggtun.

Í jafnréttisáætlun Laugalandsskóla kemur fram að lagt er upp með að samskipti einstaklinga grundvallist á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi og að allir fái kennslu og þjónustu við hæfi. Nám og kennsla er þannig í anda skóla án aðgreiningar þó það hugtak komi ekki fram í áætluninni.

Almennur hluti skólanámskrár, Skólalýkill, er birtur á heimasíðu skólans og uppfyllir hann helstu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Í rýnihópum kom fram að skólanámskrá er endurskoðuð árlega. Námsvísar/bekkjarnámskrár eru birtar fyrir allar námsgreinar í 1.-10. bekk. Í námskrá fyrir 7.-9. bekk eru birt sameiginleg námsmarkmið í íslensku fyrir þessa þrjá árganga en ekki kemur fram að hverju er unnið hjá hverjum árgangi. Valgreinar fyrir 8.-10. bekk eru birtar í sérstakri námskrá. Námskrár árganga voru endurskoðaðar á þessu skólaári.

Ekki verður hér fjallað um árangur nemenda þar sem færri en 11 eru í árgangi en í skýrslu Menntamálastofnunar um niðurstöður samræmdra prófa 2014 er birt yfirlit yfir meðaltalsárangur nemenda Laugalandsskóla á fimm ára tímabili, árin 2010-2014. Þar kemur fram að nemendur í 4., 7. og 10. bekk sýna árangur yfir landsmeðaltali í íslensku og stæðrfræði. Meðaltalsárandur í ensku í 10. bekk er undir landsmeðaltali.

Fylgst er með árangri nemenda og unnið úr niðurstöðum námsmats með það að markmiði að bæta árangur einstakra nemenda.

Að mati viðmælenda í rýnihópum er vakin athygli á fjölbreyttum árangri nemenda innan skóla og utan.

Styrkleikar

- Skólalýkill/skólanámskrá Laugalandsskóla er skýrt fram sett og birt á heimasíðu skólans.
- Áherslupættir grunnskólalaga eru settir fram í Skólalýkli.
- Færni í að nýta íslensku í öllu námi í skólanum er þjálfuð m.a. með því að allir árgangar setja upp leikrit á árshátíð og á jólaskeggtun.
- Námsvísar/bekkjarnámskrár eru birtar fyrir allar námsgreinar í 1.-10. bekk.

- Nemendur í 4., 7. og 10. bekk sýndu árangur yfir landsmeðaltali á samræmdum prófum árin 2010-2014.
- Fylgst er með árangri nemenda og unnið úr niðurstöðum námsmats með það að markmiði að bæta árangur einstakra nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir í skólanámskrá að skólinn er án aðgreiningar og hvernig unnið er að þeirri stefnu.
- Gera námskrá í íslensku með hæfniviðmiðum og markmiðum fyrir hvern árgang í 7.-9. bekk.
- Bregðast við dalandi árangri nemenda í ensku á samræmdum prófum.

Skipulag náms og námsumhverfi

Í bekkjarnámskrám fyrir 1.-10. bekk koma fram hæfniviðmið hverrar námsgreinar, upplýsingar um skipulag kennslunnar, þ.á.m. kennsluaðferðir, námsgögn og tilhögun heimanáms auk þess sem fram kemur hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar í greininni. Gerð er grein fyrir námsmati og vægi einstakra þátta þess en skýra þyrfti betur hvernig námsmatið tengist hæfniviðmiðum þar sem mat byggist helst á prófum og mati á verkefnum nemenda. Hluti foreldra í rýnihópi telur að of mikil áhersla sé lögð á utanaðbókarlærdóm og próf.

Reglulegt samstarf er milli leikskólans og Laugalandsskóla enda leikskólinn starfræktur í sama húsi og grunnskólinn. Í skólastefnu byggðasamlagsins Odda sem gildir fyrir leik- og grunnskóla kemur fram að undirbúningur fyrir lestrarnám hefjist í leikskóla og markviss samvinna sé milli skólastiga hvað það varðar. Gerð hefur verið sameiginleg læsisstefna fyrir leikskólann og grunnskólann á Laugalandi sem felur í sér samfellu í lestrarnámi nemenda. Samstarfið felst einnig í sameiginlegri kennslustund elstu leikskólabarnanna og 1. bekkjar aðra hverja viku og vorskóli er fyrir leikskólabörnin til undirbúnings fyrir skólabyrjun. Fram kemur í Skólalýkli og hjá viðmælendum að nemendur sækja námskyrningar framhaldsskólanna á svæðinu og nemendur í elstu árgöngum fá tækifæri til að taka áfanga á framhaldsskólastigi óski þeir eftir því.

Skólastofur eru almennt vel útbúnar námsgögnum og umhverfi hvetjandi til náms. Í rýnihópi kennara kom fram að bæta þarf aðstöðu fyrir heimilisfræðikennslu og myndmennta- og náttúrufræðikennslu en þessar tvær greinar deila nú stofu.

Flestir kennarar hafa regluleg nemendasamtöl í tengslum við foreldraviðtöl og að sögn skólastjóra hafa þau verið fastur liður í skólastarfinu. Segja má að litlir námshópar tryggji að ákveðnu leyti mikil tengsl nemenda og kennara.

Heimanám hjá yngstu nemendum er fyrst og fremst lestur og nemendur fá vikuáætlun og ljúka heima því sem ekki er lokið í skólanum. Upplýsingar um heimanám eru aðgengilegar foreldrum í bekkjarnámskrám. Að mati foreldra í rýnihópi er heimanám ekki mikið og mætti vera meira en nemendum finnst heimanámið sanngjarnt og segjast oft geta lokið því í skólanum. Á stundaskrá nemenda á miðstigi er einn heimanámstími í viku þar sem þeir geta lokið verkefnum með aðstoð.

Boðið er upp á sjö valáfanga fyrir nemendur í 8.-10. bekk sem flestir tengjast listum og verkgreinum. Valgreinar nemenda á unglíngastigi eru í 6 stundir á viku. Valið nær því ekki þeim viðmiðum sem sett

eru í aðalnámskrá grunnskóla um tímafjölda. Val er ekki á stundaskrá nemenda á yngsta og miðstigi og í vettvangsathugunum var hópurn oftast að vinna sama verkefni á sama tíma.

Styrkleikar

- Í bekkjarnámskrám fyrir 1.-6. bekk og 10. bekk koma fram hæfniviðmið hvernar námsgreinar og einnig hvernig grunnpættir menntunar fléttast inn í námið.
- Skólastofur eru almennt vel útbúnar námsgögnum og umhverfi hvetjandi til náms.
- Reglulegt samstarf er milli leikskólans og Laugalandsskóla.

Tækifæri til umbóta

- Fram komi í námsvísunum/bekkjarnámskrám hvernig námsmat tengist hæfniviðmiðum.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu fyrir heimilisfræðikennslu og myndmennta- og náttúrufræðikennslu.
- Tryggja að valgreinar nemenda nái þeim viðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla um tímafjölda.
- Auka val nemenda um viðfangsefni og leiðir í námi.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennarar sýndu almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og voru 60% stunda metnar góðar eða frábærar. Stundirnar voru almennt vel undirbúnar og vel skipulagðar en í stöku tilvikum var tími ekki vel nýttur. Í vettvangsathugunum var merkt við samvinnu nemenda í helmingi þeirra stunda sem heimsóttar voru og í fjórðungi stunda notuðu nemendur upplýsingatækni í námi sínu.

Kennarar segjast beita fjölbreyttum vinnubrögðum í kennslunni og nemendur nefndu dæmi um fjölbreytni, s.s. hópverkefni, tilraunir í náttúrufræði og notkun tölva í námi. Kennarar telja námið einstaklingsmiðað og nemendur í 10. bekk bera ábyrgð á eigin námi að hluta og gera eigin áætlanir.

Mikil áhersla er lögð á leikræna tjáningu og allir námshópar koma fram á árs hátíð og jólas kemmtun svo undirbúningur og æfingar setja svip sinn á námið vikurnar á undan. Leiklistin reynir á samvinnu nemenda auk þess að vera heildstætt verkefni þar sem hver einstaklingur þarf að leggja sitt af mörkum.

Í Skólalýkli segir að umhverfi skólans og náttúran séu nýtt sem vettvangur náms og kennslu eftir föngum, s.s. með útikennslu þar sem nemendur læra m.a. um plöntur og gróðurfar og eldamennsku undir berum himni.

Leiðbeinandi kennsluhættir sáust í 40% stunda sem heimsóttar voru en í flestum stundum voru nemendur að fást við sama verkefni á sama tíma. Sjaldnar voru nemendur að fást við verkefni sem reyndu á lausnaleit og rökhugsun nemenda eða umræður og skoðanaskipti. Gæta þarf þess í árgangablönduðum hópum að verkefni séu hæfilega krefjandi fyrir báða aldurshópa og enn frekar þegar um er að ræða samkennslu þriggja árganga í 7.-9. bekk. Aðspurð hvort námið væri krefjandi fyrir alla sögðu nemendur í rýnihópi að námið væri „oftast á sama stigi nema í undantekningartilvikum“.

Viðfangsefni stundarinnar var í öllum tilvikum vel kynnt í vettvangsathugunum en markmið sjaldnar tilgreind, þ.e. hverju nemendur eiga að hafa náð tókum á í lok stundarinnar. Endurgjöf í þeim

stundum sem heimsóttar voru fólst oftast í því að kennari gekk á milli nemenda og aðstoðaði og leiðbeindi þeim um lausn verkefna.

List- og verkgreinar eru á stundaskrá nemenda í 1.-7. bekk fjóra til sex tíma á viku og þessar greinar eru stór hluti valgreina á unglingastigi. Nemendur í 1. bekk hafa ekki smíði á stundaskrá og engin tónmenntakennsla er í vetur þar sem tónmenntakennari er í ársleyfi, en nemendur í 1. og 2. bekk fá tónlistarkennslu í dagskóla auk þess sem nemendur geta stundað hljóðfæranám í tónlistarskólanum á skólatíma. Dans er kenndur á námskeiðum og áhersla er á sviðslistir í undirbúningi fyrir skemmtanir.

Styrkleikar

- Kennarar sýndu almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum.
- Í vettvangsathugunum var merkt við samvinnu nemenda í helmingi þeirra stunda sem heimsóttar voru.
- Í fjórðungi stunda sem heimsóttar voru notuðu nemendur upplýsingatækni í námi sínu.
- Nemendur og kennarar nefna dæmi um fjölbreytta kennsluhætti.
- Mikil áhersla er lögð á leikræna tjáningu sem reynir m.a. á samvinnu nemenda og uppsetning leikrita er heildstætt viðfangsefni.

Tækifæri til umbóta

- Auka áherslu á verkefni sem reyna á lausnaleit og rökhugsun nemenda, umræður og skoðanaskipti.
- Gæta þess í árgangablönduðum hópum að verkefni séu hæfilega krefjandi fyrir báða aldurshópa.
- Tilgreina markmið náms í upphafi stunda þannig að nemendur viti hvaða þekkingu eða færni þeir eiga að tileinka sér hverju sinni.
- Gera þarf skýra grein fyrir því hvernig útfærsla skólans á list- og verkgreinakennslu uppfyllir ákvæði í viðmiðunarstundaskrá.

Námshættir og námsvitund

Nemendur í rýnihópi nefndu íþróttir, heimilisfræði, tölvur og valgreinar þegar þeir voru spurðir hvaða námsgreinar væru skemmtilegastar í skólanum. Erfiðast finnst þeim að læra stærðfræði og ensku. Í vettvangsathugunum voru nemendur almennt virkir og áhugasamir um nám sitt. Þeir hafa sjaldan val um viðfangsefni en í list- og verkgreinum hafa þeir nokkuð val um útfærslu verkefna.

Í vali í 8.-10. bekk velja nemendur eftir sínu áhugasviði og dæmi eru um að nemendur velji viðfangsefni í samfélagsfræði, s.s. í 10. bekk þar sem kennari lét nemendur velja verkefni og námsmat sem fólst m.a. í rökræðu í munnlegu prófi. Einnig skráðu nemendur í 3. og 4. bekk hvað þau langar að læra í samfélagsfræði svo var kosið um verkefnin og endaði í þremur verkefnum: risaeðlur, himingeimurinn og skólinn/kennararnir. Nemendur segjast einnig taka þátt í að meta eigin verkefni í samfélagsfræði.

Styrkleikar

- Nemendur eru almennt virkir og áhugasamir um nám sitt.
- Í vali í 8.-10. bekk velja nemendur eftir sínu áhugasviði.

Tækifæri til umbóta

- Auka enn frekar val nemenda um viðfangsefni og leiðir í námi.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Stjórn nemendafélags er skipuð sjö fulltrúum, einum úr 7. bekk og tveimur úr 8., 9., og 10. bekk og eru þeir kosnir lýðræðislegri kosningu. Nemendaráð mótar félagslíf vetrarins í samráði við skólastjóra. Eldri deild skólans er í samstarfi við nemendafélög Grunnskólans á Hellu og Hvolsskóla um félagsstarf. Hver þessara þriggja skóla heldur eina sameiginlega hátíð á hverjum vetri, þ.e. íþróttahátíð, ræðukeppni og árshátíð. Auk þess halda skólarnir sameiginlegt haustball.

Á heimasíðu kemur fram að félagslíf í Laugalandsskóla er með hefðbundnu sniði; íþróttakeppnir, diskótek, bekkjakvöld og böll. Flestir sækja félagsmiðstöðina að sögn nemenda í unglingsdeild í rýnihópi og nemendur eru ánægðir með störf nemendaráðs og félagslífið.

Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru þeir boðaðir á fundi. Þeir eru virkir þátttakendur og geta komið með málefni nemendafélagsins á fundina. Ekki er til skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda en þeir sem voru í rýnihópi telja að þeir gætu haft áhrif á skólastarfið með því að ræða við skólastjóra. Í Skólalýkli segir að nemendur fá tækifæri til að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti í svokölluðum ART-tímum. Formlegir bekkjarfundir eru ekki á stundaskrá en ART-tímar eru notaðir til að ræða mál sem koma upp. „Við fáum líka að segja okkar skoðun á hlutunum með því að skrifa niður fyrir foreldrafundi það sem við viljum breyta“ sögðu nemendur í rýnihópi.

Styrkleikar

- Stjórn nemendafélags/nemendaráð er kosið lýðræðislegri kosningu.
- Nemendaráð mótar félagslíf vetrarins í samráði við skólastjóra.
- Nemendur í rýnihópi eru ánægðir með félagsstarfið og störf nemendaráðs.
- Samstarf er við nemendafélög Grunnskólans á Hellu og Hvolsskóla um félagsstarf.
- Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru virkir þátttakendur í störfum þess.

Tækifæri til umbóta

- Koma á markvissum bekkjarfundum þar sem nemendum er m.a. kennt að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- Þjálfar nemendur í lýðræðislegri þátttöku.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum að mati nemenda sem rætt var við, „samt misjafnt eftir því hvað við erum að læra og hvort kennari er í stofunni.“

Hæfniviðmið eru birt í þeim bekkjarnámskrám sem fyrir liggja og í umfjöllun um grunnþætti menntunar koma fram markmið sem stefnt er að og einnig í kennsluáætlunum. Markmið eru ekki

tilgreind fyrir einstaka kennslustundir miðað við vettvangsheimsóknir og nemendum er ekki kennt að setja sér eigin markmið í námi. Með því að tengja hæfniviðmið inn í áætlanir um yfirferð verður bæði foreldrum og nemendum ljóst að hverju er stefnt og hvaða hæfni nemendur eiga að tileinka sér í náminu.

Nemendur fá helst tækifæri til að meta eigin stöðu í námi í samfélagsgreinum. Að sögn foreldra í rýnihópi taka þeir ekki þátt í að meta stöðu nemenda í námi, en fylgjast vel með námi barna sinna í námskynningum og foreldraviðtölum.

Styrkleikar

- Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum.
- Foreldrar fylgjast með námi barna sinna í námskynningum og foreldraviðtölum.

Tækifæri til umbóta

- Kenna öllum nemendum að setja sér markmið í námi.
- Gefa nemendum tækifæri til að meta eigin árangur í námi.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í Skólalýkli er ekki fjallað um skóla án aðgreiningar en í jafnréttisáætlun skólans segir: „Þess er gætt í daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á nokkurn hátt, s.s. vegna kynferðis, fötlunar eða litarháttar“. Í bekkjarnámskrám er fjallað um jafnrétti til náms og fram kemur áhersla á að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum, eins og segir í íslenskunámskrá 10. bekkjar. Komið er til móts við nemendur sem hafa sérþarfir í námi, „reynt að nálgast þá þar sem þeir eru staddir“, sögðu kennarar í rýnihópi. Í sumum námsgreinum er gerð grein fyrir hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda og hvernig áhuga og hæfileikum nemenda er mætt með ólíkum viðfangsefnum.

Stuðningur við nám

Í læsistefnu leik- og grunnskólans á Laugalandi kemur fram að skimanir og greiningar eru lagðar fyrir til að finna nemendur sem þurfa á aðstoð að halda og fram kemur að brugðist skuli við niðurstöðum með viðeigandi hætti. Upplýsingar um frávík fylgja nemendum frá leikskólanum og lögð er áhersla á að bregðast strax við með stuðningi.

Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram inni í bekk og í yngstu árgöngunum er stuðningsfulltrúi. Skipulag sérkennslu er í höndum aðstoðarskólustjóra og einn af kennurum skólans sér um veitta sérkennslu. Ekki liggur fyrir heildaráætlun um sérkennsluna. Bráðgerir nemendur fá að halda sínum hraða og fá viðbótarnámsefni að sögn kennara og nemendur í elstu árgöngum eiga þess kost að taka áfanga á framhaldsskólastigi.

Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa og í þeim koma fram ítarlegar bakgrunnsupplýsingar ásamt markmiðssetningu í öllum námsgreinum. Sett eru langtíma- og skammtímamarkmið og gerð er grein fyrir námsmati. Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar við

upphaf hvernar annar. Á teymisfundum með foreldrum er farið yfir stöðu nemenda og teknar ákvarðanir um áherslur og markmið.

Skólinn nýtur þjónustu frá Skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Sérfræðingar skólalþjónustunnar sjá um skimanir og greiningar og veita ráðgjöf til kennara og foreldra auk þess sem þeir sitja í teyllum vegna barna með sérþarfir.

Styrkleikar

- Skimanir og greiningar eru lagðar fyrir til að finna nemendur sem þurfa á aðstoð að halda.
- Lögð er áhersla á að bregðast strax við með stuðningi þegar upplýsingar um frávik fylgja nemendum úr leikskóla.
- Komið er til móts við nemendur sem hafa sérþarfir í námi og gerðar einstaklingsnámskrár fyrir þá.
- Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram inni í bekk og í yngstu árgöngunum er stuðningsfulltrúi.
- Í sumum námsgreinum er gerð grein fyrir hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda og hvernig áhuga og hæfileikum nemenda er mætt með ólíkum viðfangsefnum.

Tækifæri til umbóta

- Setja fram í skólanámskrá skýra stefnu um skóla án aðgreiningar og hvernig unnið er í skólanum.
- Gera tilfærsluáætlun við lok grunnskóla fyrir nemendur með sérþarfir.
- Birta heildaráætlun um sérkennslu við skólann.
- Leita leiða til að fá fagmenntaðan sérkennara til starfa.
- Auka þátttöku nemenda í að setja einstaklingsbundin markmið í námi.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í starfsmannahandbók er fjallað um sjálfsmatsáætlun skólans sem er til þriggja ára. Fram kemur að áætlunin byggir á niðurstöðum úttektar Menntamálaráðuneytis á sjálfsmatsaðferðum skólans frá 2008. Í sjálfsmatsáætluninni er gert ráð fyrir viðhorfakönnunum þar sem spurningalistar eru lagðir fyrir starfsmenn og nemendur. Einnig verða verða lestrarferlar allra nemenda skoðaðir skólaárið 2016-2017. Í viðhorfakönnunum á þessu skólaári verður könnuð líðan nemenda og starfsfólka. Þessi viðhorfakönnun verður líka lögð fyrir á næstu tveim skólaárum ásamt því að þá verða lagðar fyrir kannanir um tengsl skóla og samfélags og stjórnun skólans.

Á heimasíðu eru niðurstöður viðhorfakannana undanfarinna tíu ára. Einnig eru þar skýrslur ásamt samantektum niðurstaðna á samræmdum könnunarprófum frá 2000-2015.

Ekki eru birtar heildarniðurstöður úr reglubundnum skimunarprófum, t.d. í lestri, og ekki liggur fyrir mat skólastjóra eða jafningjamat á gæðum kennslu og kennsluhátta.

Í rýnihópum kom fram að skólastjóri beri alfarið ábyrgð á innra mati skólans. Hjá skólastjóra kom fram að hann annist innra matið og njóti aðstoðar nokkurra kennara en ekki sé um að ræða formlegt matsteymi innan skólans.

Innra mat er markmiðsbundið

Skólastefna Laugalandsskóla er annars vegar birt í Skólalykli í kaflanum *Áherslur Laugalandsskóla með hliðsjón af grunnskólalögum og aðalnámskrá* og hins vegar á heimasíðu þar sem eru bekkjarnámskrár allra árganga. Hjá skólastjóra kom fram að markmið skólastefnunnar séu ekki metin að frátöldu mati hvers kennara á starfinu í lok skólaárs. Umfjöllunin í Skólalykli er almennt orðuð og ekki er skýr tenging milli markmiða skólastefnunnar og niðurstaðna í viðhorfakönnunum.

Í umfjöllun um áætlun um sjálfsmat kemur fram að miðað sé við að yfir 85% svarenda séu ánægðir/jákvæðir með það sem spurt er um. Í samantekt niðurstaðna úr viðhorfakönnunum er gerð grein fyrir hlutfalli svara við spurningum.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Í umfjöllun um sjálfsmat á heimasíðu kemur fram að við öflun gagna eru notaðir spurningalistar til að kanna viðhorf hagsmunaaðila. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru birtar á heimasíðu og meðal annars kynntar skólaráði en ekki kemur fram hvernig þær eru nýttar í skólastarfinu og innra mati.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Innra mat er á byrgð skólastjóra sem að sögn fær aðstoð nokkurra kennara við vinnuna. Niðurstöður úr sjálfsmati eru kynntar á fundi með öllu starfsmönnum og í skólaráði. Í rýnihópi skólaráðs kom fram að við kynningu á niðurstöðum væri rætt um áherslur í innra mati. Að öðru leyti eru hagsmunaaðilar skólasamfélagsins ekki virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangs röðun í innra mati og um þróun og umbætur í kjölfar innra mats. Kennarar leggja viðhorfakannanir fyrir.

Á yfirliti yfir kannanir á heimasíðu sést að á síðustu tíu árum hefur verið leitað eftir viðhorfum allra hagsmunaaðila til ákveðinna þátta í skólastarfinu. Ekki liggur fyrir að í kjölfar mats fari fram umbóta- og þróunarstarf með formlegum hætti en í rýnihópum kom fram að gerðar væru breytingar og umbætur þegar fram kæmi óánægja með tiltekna þætti, svo sem mánudagsfiskinn, óánægja með sturtuklefa í sundi og skipulag á fótboltavelli.

Styrkleikar

- Fjallað er um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf.
- Áætlun um innra mat til þriggja ára liggur fyrir.
- Spurningalistar er viðeigandi aðferð til að kanna viðhorf.
- Niðurstöður kannana eru kynntar hagsmunaaðilum.

Tækifæri til umbóta

- Mynda formlegt matsteymi með þátttöku hagsmunaaðila skólasamfélagsins.
- Innleiða mat á gæðum kennslu og kennsluhátta með skipulegum hætti.
- Gera grein fyrir hvernig markmið skólans, sem sett eru fram í skólanámskrá, eru metin.
- Meta öll markmið skólanámskrár markvisst og með reglubundnum hætti.
- Tryggja að leiðir að markmiðum séu hluti af innra mati.
- Skilgreina viðmið um árangur fyrir hvert markmið.
- Skrá í greinargerð um innra mat að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Birta lista yfir aðferðir sem nýttar eru við gagnaöflun við innra mat.
- Gera grein fyrir hvernig niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmdum könnunarprófum og skimunum, eru nýttar í innra mati skólans.
- Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að vinnu við að ákveða forgangsröðun og áherslur í innra mati.
- Birta áætlanir um umbætur í kjölfar kannana og vinna áætlunina með þátttöku hagsmunaaðila.⁷

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Í inngangi að viðhorfakönnunum í sjálfsmati sem eru á heimasíðu er gerð grein fyrir tilgangi matsins, aðferðum við framkvæmd og þátttakendum, viðmiðum um árangur og helstu tölulegum niðurstöðum. Gætt er trúnaðar við þátttakendur, niðurstöður eru kynntar hagsmunaaðilum og birtar á heimasíðu skólans.

Greinargerðir um innra mat þar sem fram koma skýr tengsl við stefnu og markmið skólanámskrár ásamt greiningu og túlkun niðurstaðna liggja ekki fyrir.

Kennarar gera skólastjóra grein fyrir mati sínu á skólastarfi vetrarins að vori. Fram kom hjá skólastjóra að hann nýtir þetta mat kennara til að skipuleggja starfið á komandi skólaári en það er ekki birt.

⁷ Sjá: Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/12317/Lei%C3%B0beiningar%20um%20innra%20mat%20grunnsk%C3%B3la%202016.pdf?sequence=1>

Innra mat er umbótamiðað

Í rýnihópum kom fram að brugðist væri við niðurstöðum sem gæfu til kynna að úrbóta sé þörf. Í rýnihópum kennara og nemenda voru nefnd dæmi um úrbætur í kjölfar sjálfsmats en hvorki starfsmenn né foreldrar gátu tilgreint dæmi um úrbætur.

Ekki liggur fyrir formleg tímasett umbótaáætlun þar sem skilgreindir eru ábyrgðaraðilar fyrir umbótum ásamt því hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

Styrkleikar

- Upplýsingar um sjálfsmat eru birta á heimasíðu.
- Í inngangi sjálfsmats koma fram grundvallarupplýsingar um matið. Nemendum og kennurum finnst innra matið ganglegt.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir tengslum innra mats við stefnu og markmið skólanámskrár.
- Vinna formlegar umbótaáætlanir byggðar á niðurstöðum og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Bera úrbætur undir skólaráð með formlegum hætti og birta opinberlega.
- Meta árangur umbóta.

Svið IV – Skólabragur

Stefna og viðhorf

Starfshættir í Laugalandsskóla mótast af umburðarlyndi og kærleika með áherslu á jafnrétti, lýðræðislegt samstarf, ábyrgð, umhyggju og sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi, segir í Skólalyklinum, skólanámskrá Laugalandsskóla. Að mati viðmælenda í rýnihópum ríkir gagnkvæm virðing milli allra aðila í skólanum. Skólasamfélagið er jákvætt fyrir skólanum að mati foreldra og skólastjóri telur að foreldrar og nemendur séu stoltir af skólanum sínum af því að árangur er mjög góður.

Á nokkurra ára fresti leggur skólinn fyrir könnun á viðhorfum foreldra til skólastarfsins. Í könnun árið 2013 mældist 97% foreldra með mjög eða frekar jákvætt viðhorf til skólans (svarhlutfall 95%). Foreldrar í rýnihópi sögðu að tekið sé fljótt og vel á málum sem upp koma og þau leyst innan skólans en þeir telja jafnframt að auka þurfi gæslu í frímínútum hjá eldri nemendum.

Hefðirnar eru sterkar í skólanum og viðmælendur telja flestir það vera einn af styrkleikum skólans. Nemendur nefndu ferðalög, s.s. skíðaferð og leikhúsferð sem leiðir til að móta góðan anda. Samkennd og samheldni eru einnig hugtök sem viðmælendur notuðu til að lýsa skólabragnum. Foreldrar í rýnihópi nefndu það skólanum til hróss hve vel er tekið á móti fósturbörnum.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er lögð áhersla á að starfshættir mótist af umburðarlyndi og kærleika.
- Skólasamfélagið er jákvætt gagnvart skólanum.
- Sterkar hefðir hafa verið mótaðar í skólanum, s.s. varðandi ferðalög og skemmtanir.
- Skólabragur einkennist af samkennd og samheldni.

Tækifæri til umbóta

- Kanna hvort næg gæsla er inni við í frímínútum.

Líðan nemenda

Í skólastefnu sveitarfélagsins segir að meginmarkmið allra starfsmanna skóla sveitarfélaganna sé að nemendum líði vel í skólunum, þeir gangi glaðir til náms og leiks og eflist að vísu og dáð.

Árlega leggur skólinn fyrir kannanir á líðan nemenda og í könnun árið 2016 svöruðu tæp 86% nemenda að þeim liði mjög eða frekar vel í skólanum, rúm 14% avöruðu bæði og en enginn að honum liði illa. Tæplega 74% sögðu að þeim liði vel í kennslustundum og um 45% nemenda fannst gerðar miklar eða mjög miklar kröfur til sín í skólanum, rúmlega 52% fannst kröfurnar hæfilegar en 2,4% sögðu að litlar kröfur væru gerðar. Nemendur í rýnihópi sögðu það kost við skólann að hann er lítill, nemendur eru almennt vinir, þeim líður vel og andinn er góður. Mikil samheldni er í elsta árganginum, að sögn nemenda.

Einnig er reglulega lögð könnun fyrir starfsfólk þar sem spurt er um líðan á vinnustað. Árið 2016 sögðu allir starfsmenn sem svöruðu könnuninni að þeim liði vel í skólanum og rúmlega 88% sögðu að skólinn væri þægilegur vinnustaður (tæp 12% svöruðu hvorki né).

Styrkleikar

- Í nemendakönnun árið 2016 sögðu 86% nemenda að þeim liði mjög eða frekar vel í skólanum, og 74% að þeim liði vel í kennslustundum.

- Nemendur í rýnihópi sögðu það kost við skólann að hann er lítill, nemendur eru almennt vinir, þeim líður vel og andinn er góður.
- Í starfsmannakönnun árið 2016 sögðu allir starfsmenn að þeim liði vel í skólanum og 88% að skólinn væri þægilegur vinnustaður.

Tækifæri til umbóta

- Móta ætti verkferil um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.

Nemendalýðræði

ART-færniþjálfun er sú leið sem skólinn hefur valið til að efla félagsfærni nemenda og kenna þeim sjálfsstjórn. Einn tími á viku er merktur ART-þjálfun og lífsleikni hjá öllum árgöngum.

Nemendur eru ekki beinlínis þjálfaðir í að koma skoðunum sínum á framfæri en þeir vita hvert þeir geta snúið sér til þess, enda skólinn lítill og boðleiðir stuttar. Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi og setja sér ekki markmið.

Fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélags/nemendaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu. Nemendaráð mótar félagslíf vetrarins í samráði við skólastjóra en ekki er skipulagt félagslíf fyrir miðstigið. Fulltrúar nemenda eru virkir þátttakendur í skólaráði. Eldri nemendur í rýnihópi þekkja hugtakið lýðræði og telja að í skólanum ríki lýðræði.

Hluti umsjónarkennara hefur regluleg nemendasamtöl í tengslum við foreldraviðtöl þar sem staða nemandans og líðan eru rædd en nemendasamtöl eru ekki hluti af reglulegu samstarfi allra nemenda og kennara. Foreldrar í rýnihópi sögðust ræða við börn sín fyrir foreldraviðtöl og svara spurningum um líðan nemenda í skólanum sem undirbúning að viðtali við kennara. Nemendur eru þó ekki með í þeim viðtölum.

Styrkleikar

- ART-færniþjálfun er á stundatöflu nemenda einn tíma í viku, en það er sú leið sem skólinn hefur valið til að efla félagsfærni nemenda og kenna þeim sjálfsstjórn.
- Boðleiðir eru stuttar í skólanum og nemendur telja að þeir geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri.
- Fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélags/nemendaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu.
- Eldri nemendur í rýnihópi þekkja hugtakið lýðræði og telja að í skólanum ríki lýðræði.

Tækifæri til umbóta

- Þjálfar nemendur markvisst í að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Kenna öllum nemendum að setja sér markmið í námi og gera eigin áætlanir.
- Foreldraviðtöl verði sett upp með þátttöku nemenda.

Verklagsreglur og áætlanir

Í stefnu skólans kemur ekki fram með skýrum hætti stefna um jákvæðan skólabrag eða leiðir sem fara á til að viðhalda góðum skólabrag. Aftur á móti kemur víða fram í skjölum skólans áhersla á góða líðan og jákvæð samskipti.

Skólinn hefur mótað áætlun um einelti og verklag um viðbrögð við því þegar einelti kemur upp. Í áætluninni kemur fram áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og tilgreind eru hlutverk nemenda, starfsmanna skólans og foreldra að vera vakandi fyrir líðan nemenda og láta vita ef grunur um einelti

vaknar. Verkferlar um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi liggja ekki fyrir við matið.

Fjallað er um skólareglur í Skólalykli, þar segir að þær séu „grundvallarreglur sem öll okkar samskipti eiga að byggjast á“. Á grundvelli þeirra er nemendum ætlað að sýna stundvísi, tillitssemi og snyrtimennsku. Ítarlega er greint frá meðferð agamála og viðurlögum við brotum á reglum. Bent skal á að viðurlög skólans þar sem tilgreint er að nemendum geti verið meinuð þátttaka í félagsstarfi vegna brota á skólareglum þarf að beita gætilega og horfa þar til inntaks reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins (nr. 1040/2011) en þar segir m.a. að úrræði og viðbrögð skuli stuðla að jákvæðri hegðun.⁸

Bekkjareglur eru samdar í flestum bekkjardeildum og eru sýnilegar í sumum skólastofum.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun er birt á heimasíðu skólans, þar er lagt upp með að samskipti einstaklinga grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi og að allir fái kennslu og þjónustu við hæfi.

Styrkleikar

- Í stefnuskjölum skólans kemur fram áhersla á góða líðan og jákvæð samskipti.
- Skólinn hefur mótað áætlun um viðbrögð við einelti og verklag um hvernig bregðast á við þegar einelti kemur upp.
- Skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim eru birt á heimasíðu skólans og í Skólalykli.
- Jafnréttis- og mannréttindaáætlun er birt á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Setja fram skýra stefnu um jákvæðan skólabrag og leiðir til að viðhalda honum.

⁸ Sjá einnig: Álit, að því er tekur til viðbragða við brotum á skólareglum í tengslum við skráningarkerfi grunnskóla <https://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/urskurdir-og-alit/alit/grunnskolar/nr/6841>

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Laugalandsskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Sérstaða skólans felst meðal annars í samheldni allra sem að skólanum koma og jákvæðu skólasamfélagi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri að koma fram og allir árgangar setja upp leikrit tvisvar á skólaári undir stjórn kennara sinna.

Stjórnun

Skólastjóri Laugalandsskóla veitir skólanum faglega forystu og stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur og starfsmenn. Í starfi skólans eru samskipti jákvæð og þar ríkir samheldni og gagnkvæmt traust. Skólastjóri hrósar starfsmönnum og starfsmannasamtöl eru regluleg. Kennarar eru hvattir til að efla sig í starfi og símenntun tekur mið af áherslum skólans.

Stundatöflur nemenda eru samfelldar og hvíld og útvíst er skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda. Svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri er nýtt og nemendur á miðstigi fá fleiri kennslustundir en viðmiðunarstundaskrá kveður á um.

Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu og ákvarðanir er varða skólahald eru lagðar fyrir skólaráð. Á haustin er kynning á námsmarkmiðum og leiðum að þeim. Reglubundnar upplýsingar eru sendar foreldrum um skólastarfið og árangur barns.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Innleiða formlega endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsókna stjórnenda í kennslustundir.
- Móta einkunnarorð skólans í samstarfi við aðila skólasamfélagsins og gera þau sýnileg í skólanum.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Uppfæra stefnu og viðbragðsáætlun um meðferð ágreinings- og eineltismála í stafsmanahópnum til samræmis við reglugerð nr. 1009/2015.
- Vinna þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans sem og innra og ytra mati.
- Tryggja að skóladagatal uppfylli viðmið um árlegan starfstíma nemenda.
- Tryggja að allir aðilar skólasamfélagsins taki þátt í endurskoðun skólanámskrár.
- Leggja skólanámskrá og árlega starfsáætlun fyrir fræðslunefnd til staðfestingar.
- Setja fram skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt viðmiðum í 12. kafla aðalnámskrár.
- Tryggja að nemendur á yngsta stigi hafi nægan tíma til að komast í og úr íþróttatímum.
- Gera skýra grein fyrir því hvernig útfærsla skólans í list- og verkgreinakennslu uppfyllir ákvæði viðmiðunarstundaskrár.
- Auka hlutfall valgreina í 8.-10. bekk til samræmis við ákvæði 8. kafla í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir í námi.

- Vinna móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Tryggja að fulltrúar nemenda sitji tvö ár í skólaráði.
- Efla tengsl stjórnenda við foreldrafélag og stjórn þess.

Nám og kennsla

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk sýna árangur yfir landsmeðaltali á samræmdum prófum bæði í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals árána 2010-2014. Kennarar sýndu almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum, merkt ívar við samvinnu nemenda í helmingi þeirra stunda sem heimsóttar voru og í fjórðungi stunda notuðu nemendur upplýsingatækni í námi sínu. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru virkir þátttakendur í störfum þess. Nemendaráð mótar félagslíf vetrarins í samráði við skólastjóra. Nemendur í rýnihópi eru ánægðir með félagsstarfið og störf nemendaráðs. Samstarf er við nemendafélög Grunnskólans á Hellu og Hvolsskóla um félagsstarf. Í jafnréttisáætlun Laugalandsskóla kemur fram að lagt er upp með að samskipti einstaklinga grundvallist á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi og að allir fái kennslu og þjónustu við hæfi. Nám og kennsla er þannig í anda skóla án aðgreiningar. Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum. Foreldrar fylgjast með námi barna sinna í námskynningum og foreldraviðtölum. Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram inni í bekk. Skimanir og greiningar eru lagðar fyrir til að finna nemendur sem þurfa á aðstoð að halda og komið er til móts við nemendur sem hafa sérþarfir í námi og gerðar einstaklingsnámskrár fyrir þá. Námskrárnar eru kynntar foreldrum og þeir undirrita þær.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Gera grein fyrir í skólanámskrá að skólinn er án aðgreiningar og hvernig unnið er að þeirri stefnu.
- Gera námskrá í íslensku með markmiðum fyrir hvern árgang í 7.-9. bekk.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu fyrir heimilisfræðikennslu og myndmennta- og náttúrufræðikennslu.
- Tryggja að valgreinar nemenda nái þeim viðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla um tímafjölda.
- Auka áherslu á verkefni sem reyna á lausnaleit og rökhugsun nemenda, umræður og skoðanaskipti.
- Gæta þess í árgangablönduðum hópum að verkefni séu hæfilega krefjandi fyrir báða aldurshópa.
- Gera þarf skýra grein fyrir því hvernig útfærsla skólans á list- og verkgreinakennslu uppfyllir ákvæði í viðmiðunarstundaskrá.
- Þjálfa nemendur í lýðræðislegri þátttöku.
- Gefa nemendum tækifæri til að meta eigin árangur í námi.
- Leita leiða til að fá fagmenntaðan sérkennara til starfa.
- Auka þátttöku nemenda í að setja sér einstaklingsbundin markmið í námi.

Innra mat

Í starfsmannahandbók Laugalandsskóla er áætlun um sjálfsmats til þriggja ára. Notast er við spurningalista til að kanna viðhorf aðila skólasamfélagsins. Áhersla er á líðan nemenda og starfsfólks og skólaárið 2016-2017 á að skrá lesferla fyrir alla nemendur skólans.

Þegar niðurstöður kannana liggja fyrir eru þær kynntar öllum hagsmunaaðilum. Upplýsingar um sjálfsmat skólans eru birtar á heimasíðu og í inngangi hvernar skýrslu er gerð grein fyrir aðferðafræði og framkvæmd matsins. Nemendur og kennarar í rýnihópum sögðust hafa orðið varir við að kannanir hafi leitt til umbóta.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Mynda formlegt matsteymi með þátttöku hagsmunaaðila skólasamfélagsins.
- Innleiða mat á gæðum kennslu og kennsluhátta með skipulegum hætti.
- Gera grein fyrir hvernig markmið skólans, sem sett eru fram í skólanámskrá, eru metin.
- Meta öll markmið skólanámskrár markvisst og með reglubundnum hætti.
- Tryggja að leiðir að markmiðum séu hluti af innra mati.
- Skilgreina viðmið um árangur fyrir hvert markmið.
- Skrá í greinargerð um innra mat að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Gera grein fyrir hvernig niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmdum könnunarprófum og skimunum, eru nýttar í innra mati skólans.
- Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að vinnu við að ákveða forgangsröðun og áherslur í innra mati.
- Vinna áætlanir um umbætur með þátttöku hagsmunaaðila.
- Gera grein fyrir tengslum innra mats við stefnu og markmið skólanámskrár.
- Vinna formlegar umbótaáætlanir byggðar á niðurstöðum og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Bera umbætur undir skólaráð með formlegum hætti og og birta opinberlega.
- Meta árangur umbóta.

Skólabragur

Í stefnu skólans kemur ekki fram með skýrum hætti stefna um jákvæðan skólabrag eða leiðir sem fara á til að viðhalda góðum skólabrag. Aftur á móti kemur víða fram í stefnuskjölum skólans áhersla á góða líðan og jákvæð samskipti. Að mati viðmælenda í rýnihópum ríkir í skólanum gagnkvæm virðing allra og skólasamfélagið er jákvætt fyrir skólanum. Nemendum líður almennt vel í skólanum, ef marka má niðurstöður kannana á vegum skólans. Í starfsmannakönnun skólans árið 2016 sögðu starfsmenn að þeim liði vel í skólanum og skólinn væri þægilegur vinnustaður.

ART-færniþjálfun er á stundatöflu nemenda einn tíma í viku, en það er sú leið sem skólinn hefur valið til að efla félagsfærni nemenda og kenna þeim sjálfstjórn. Skólinn hefur mótað áætlun um viðbrögð við einelti og verklag um hvernig bregðast á við þegar einelti kemur upp. Skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim eru birt á heimasíðu skólans og í Skólalýkli. Eldri nemendur í rýnihópi þekkja hugtakið lýðræði og telja að í skólanum ríki lýðræði.

Tækifæri til umbóta varðandi skólabrag

- Setja fram skýra stefnu um jákvæðan skólabrag og leiðir til að viðhalda honum.
- Móta verkferil um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.
- Þjálfa nemendur markvisst í að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Kenna öllum nemendum að setja sér markmið í námi og gera eigin áætlanir.
- Foreldraviðtöl verði sett upp með þátttöku nemenda.

Greining

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólánámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólustarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:


- $D \rightarrow 1,0 - 1,5 =$ **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- $C \rightarrow 1,6 - 2,5 =$ **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $B \rightarrow 2,6 - 3,5 =$ **ljósgrænt** - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $A \rightarrow 3,6 - 4 =$ **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 20 kennslustundir sem flestar voru metnar góðar. Nokkrar voru metnar þannig að einhverja mikilvæga þætti mætti bæta og ein kennslustund var metin frábær. Engin stund var metin óviðunandi.

Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.



Mynd 1. Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.

Nemendur vinna einir í 50% þeirra kennslustunda sem metnar voru.

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í 20% kennslustundanna sem matsmenn heimsóttu. Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í 25% stundanna.

Kennsluathafnir

Kennsluathafnir kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi eða leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem er kallað bein yfirfærsla en leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengdar hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í *Hvítbók um menntun*.


Fræðari - bein kennsla

Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það oftast spurningar sem kalla á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfnið er í forgrunni.

Leiðbeinandi - hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum,


einnig leggur hann áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemena með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áherslan er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemendinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



Mynd 2. Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.

Í 20% stunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi en í 80% leiðbeinandi, alfarið eða að hluta.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara.



Mynd 3. Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.

Skráð er hve margir nemendur eru á kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ásinn sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með. Að meðaltali eru 15,1 nemandi á kennara í metnum stundum

Heimildir

Aðalnámsskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámsskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Laugalandsskóli: <http://www.laugalandsskoli.is/>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. *Sjálfsmat skóla:*

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjal fsm_skola_97.pdf

Rangárþing ytra: <http://www.ry.is>

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín: <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/897-2009>

Reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað:

http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?_stern_SearchType=Reglugerd&_stern_number=1000&_stern_year=2004

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:

http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?_stern_SearchType=Reglugerd&_stern_number=1009&_stern_year=2015

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla.* Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Skólastefna Odda bs.: https://www.ry.is/files/Sk%C3%B3lastefna%202015-2017_lokager%C3%B0.pdf